

Ný könnun á þjónustupörfum og reynslu geðsjúkra og aðstandenda þeirra

Nauðsynlegt að tekið sé tillit til skoðana geðsjúkra

Eftir Svavar Knút Kristinsson
svavar@mbi.is

ÁHYGGJUEFNI er hversu lítið tillit er tekið til skoðana geðsjúkra og fjölskyldna þeirra í geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi. Notendur þjónustunnar telja afar brýnt að efla stuðning og meðferðir fyrir einstaklinga. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem Rauði kross Íslands (RKÍ) og Geðhjálp stóðu að um þarfir geðsjúkra og reynslu þeirra af geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi, en hún var kynnt á blaðamannafundi í gær.

Með því að spyrja notendur og aðstandendur þeirra um eigin viðhorf gagnvart heilbrigðiskerfinu vildu RKÍ og Geðhjálp afla upplýsinga sem hið opinbera gæti haft til hliðsjónar um stefnumótun í geðheilbrigðismálum. Þetta er í samræmi við aðgerðaráætlun aðildarríkja Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um að bjóða eigi fólki með geðraskanir að hafa áhrif á þá umönnun sem það á kost á.

Rannsóknin er síðasti áfanginn hjá RKÍ í að kanna stöðu geðfatlaðra á Íslandi og þjónustu við þá. Kannanir sem deildir Rauða krossins létu gera á árunum 2001–2004 um hag og þarfir geðfatlaðra á Austurlandi, Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfirðum hafa leitt svipaðar niðurstöður í ljós. Komu þar m.a. fram sterk tengsl milli efnalegra aðstæðna og félagslegrar einangrunar og að sjúklingum þyki lyfjameðferð vera nýtt til fulls, en efla þurfi aðrar tegundir meðferðar.

Félagsleg einangrun og fordómar eru meðal þess sem geðsjúkir þurfa að glíma við að staðaldri, sérstaklega þeir sem búa einir. Þessi einangrun og fordómar minnka með auknum tekjum, en einnig kom í ljós að þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu voru einangraðri en á landsbyggðinni og höfðu meiri reynslu af fordómum. Þá fannst mörgum svariendum lítið tillit tekið til skoðana sjúklinga og aðstandenda þeirra. Ennfremur kom fram að aðstandendur fengju litla fræðslu um geðraskanir frá heilbrigðisstarfsfólki.

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir rannsóknina staðfesta ýmislegt sem hefur komið



Morgunblaðið/Sverrir

Félagsleg einangrun og fordómar eru meðal þess sem geðsjúkir þurfa að glíma við að staðaldri.

fram í samtölum hjá samtökunum og virðist að hans sögn rauður þráður í þeim málum sem til samtakanna berast hvað varðar hagsmuni geðsjúkra.

Geðsjúkdómar ekki bara heilbrigðisvandi

„Við erum á réttari leið. Þessi rannsókn sýnir vel að þeir sem eiga við vandamál að stríða og fagfólk þurfa að vinna saman,“ segir Sveinn og bendir ennfremur á að skýrt komi í ljós að geðsjúkdómar séu líka félagslegt vandamál og ekki sé hægt að reka fleyg á milli og skilgreina hvort málaflökurinn flokkast undir heilbrigðislegt eða félagslegt vandamál. „Það er heldur ekki verið að kalla eftir auknu fjármagni, heldur er hér þvert á móti verið að benda á leiðir til sparnaðar sem alltaf er kallað eftir. Svo er líka hér um að ræða samfélagslegan gróða,“ sagði Sveinn Magnússon.

Dr. Páll Biering, geðhjúkrunarfræðingur og einn rannsakenda,

segir ljóst að leggja þurfi fé í fleira en hús og stofnanir. Eftirfylgni, hjúkrun og ýmiss konar stoðkerfi séu mjög mikilvæg í bataferli geðsjúkra. „Það hefur verið lítið tillit tekið til skoðana sjúklinga,“ segir Páll og bendir enn fremur á mikilvægt sé að rjúfa félagslega einangrun geðsjúkra. „Stærstur hluti þeirra sem tóku þátt í könnuninni voru með mjög litlar tekjur, en það hamlar geðsjúkum mjög í því að fara út í samfélagið og taka þátt í félagsstarfi.“

Rjúfa þarf félagslega einangrun

Meðal annarra niðurstaðna rannsóknarinnar má nefna að meirihluti svaraenda er almennt ánægður með þjónustu í síðustu innlög á sjúkrahúsi, en svarendur eru óánægðir með eftirfylgd og þá þjónustu sem þeim býst eftir að innlög lýkur. Þá kvaðst meirihluti svaraenda hafa fengið litlar upplýsingar um úrræði eftir útskrift. Þá vildu flestir auka

samtalsmeðferð eða ráðgjöf og mörgum fannst að auka þyrfti félagsráðgjöf og iðjubjálfun, þótt lyfjameðferð gagnist vissulega flestum.

Að mati rannsakenda er mikil þörf fyrir græðandi mannleg samskipti, en m.a. sögðust rúm 60% svaraenda örugglega eða líklega nýta sér heimisóknarþjónustu Rauða krossins. Þá þótti ljóst að þeir sem þjáast af langvinnu geðsjúkdómum festast í víthring fátæktar, menntunarleysis og félagslegrar einangrunar, en til að rjúfa víthringinn þarf að byrja að rjúfa hina félagslegu einangrun. Meðal helstu úrræða til þess eru viðtalsmeðferð, sjálfshjálparhópar, heimisóknarþjónusta, heimageðhjúkrun og bættingar efnahagsfólks.

Brýnast var að mati þeirra sem að rannsókninni stóðu að fræða starfsfólk betur um úrræði í boði, greina götin í þjónustu til geðsjúkra og fjölga úrræðum, bæta samskipti og fræðslu til aðstandenda og tryggja að hlustað sé á skoðanir notenda og aðstandenda og þær virtar.